

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. febrúar 2010  
Tilvísun: UST20100100013/ksj

### Tillaga að Aðalskipulagi Norðurþings 2009 - 2029

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 4. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009 – 2029. Tillaga hafði einnig borist 22. október 2009.

#### Meginforsendur, sýn og meginstefna

##### Einstakt umhverfi og fjölbreyttar upplifanir

Í umfjöllun um „*Einstakt umhverfi og fjölbreyttar upplifanir*“, tekur Umhverfisstofnun undir að fjölbreytni náttúru og landslags í Norðurþingi er einstök og gerir svæðið áhugavert til ferðalaga og búsetu. Gjástykki er eitt af þeim svæðum sem fjallað er um og fram kemur að Gjástykki sé „*flatlend heiðarlönd með stöku fellum er standa upp úr landinu*“. Einnig kemur fram að „*Syðst er nyrsti hluti Kröflueldahrauns sem rann á árunum 1975 – 1984 kolsvart og nánast ógróið*“ Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun í Gjástykki eru einstæð bæði á lands- og heimsvísu með ótrúlegri fjölbreytni hrauntraða og hraunmyndana sem njóta verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44 frá 1999 um náttúruvernd og telur stofnunin afar mikilvægt að vernda þau svæði.

##### Landnotkun og náttúru- og landslagsvernd

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun sveitarfélagsins um Gjástykki þar sem segir: „*Ekki er gert ráð fyrir virkjun háhita í Gjástykki inn í Norðurþing.*“, enda telur stofnunin afar mikilvægt að vernda hið sérstæða hraunsvæði þar.

##### Lykilatvinnuvegir

Í kaflanum um lykilatvinnuvegi kemur fram að: „*Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka minni tjaldsvæði og þúttvelli.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugtakið *minni tjaldsvæði* væri skilgreint nánar.

##### Göngu- og reiðleiðir

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir er miða að því að bæta aðstæður fyrir hjólandi og gangandi. Stofnunin vekur athygli á að á uppdrætti er fylgir umfjöllun eru göngu- og

reiðleiðir felldar saman. Umhverfisstofnunar bendir á að í dag eru reið- og gönguleiðir að hluta aðskildar og ætti að sýna það á uppdrættinum.

### **Tómstundaveiðar**

Umhverfisstofnun bendir á að varðandi veiðar í vötnum og ám, að í lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði með síðari breytingum er gerð sú krafa að öll veiðifélög eða veiðiréttahafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skuli setja nánari reglur um veiðiálag, svo sem stangarfjölda, netafjölda, daglegan og árlegan veiðitíma og aðrar takmarkanir á afla, veiðarfærum eða beitu, sem nauðsynlegar teljast fyrir sjálfbæra nýtingu fiskstofna. Þessar reglur, sem nefndar hafa verið nýtingaráætlun, þarf Fiskistofa að staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Fiskistofa að eigin frumkvæði sett slíkar reglur. Reglur þessar skulu ná til allra stofna í fersku vatni, svo sem lax, sjóbirtings, sjóbleikju auk staðbundinna silungsstofna í ám og vötnum og áls.

### **Umhverfisstarf**

Umhverfisstofnun tekur undir greinargóða stefnu um vistvæn innkaup og grænt bókhald umhverfisstefnu fyrir fyrirtæki og stofnanir.

### **Varnir gegn mengun vatns.**

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um varnir gegn mengun vatns og vekur auk þess athygli á því að þegar rammatilskipun um vatn verður orðin að lögum mun þurfa að endurskoða alla verndun og nýtingu vatns í sveitarfélaginu. Sjá tillögu til þingsályktunar á <http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Vatnatilskipunin/>

### **Jarðefni**

Í umfjöllun um jarðefni, er greinargóð stefna um efnisnám, en ekki er farið yfir stefnu er varðar sjálf efnistökusvæðin í sveitarfélaginu. Að mati Umhverfisstofnunar mætti koma fram hvar ætlað er að vera með helstu efnistökusvæðin á aðalskipulagstímabilinu. Einnig er mikilvægt að áætla efnisþörf í sveitarfélaginu á gildistíma aðalskipulagsins. Í umfjöllun um efnistöku úr árfarvegum og vötnum kemur fram að hafa eigi samráð við Landgræðslu ríkisins vegna slíks. Hið rétta er að sækja þarf um leyfi til Fiskistofu, en samráðið við Landgræðslu ríkisins þarf að vera ef hætta er á landbroti vegna efnistökkunnar. Ef um er að ræða efnistöku úr sjó utan netlaga, þá þarf að sækja um leyfi til Orkustofnunar.

### **Skógrækt**

Umfjöllun um stefnu varðandi skógrækt er greinargóð, en þar sem í sveitarfélaginu Norðurþingi eru víða jarðmyndanir er falla undir 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, og svæði á náttúruminjasrá, vill stofnunin benda á að í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda kemur fram að: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

### **Frístundabyggðasvæði**

Svæði F8, sem er frístundasvæði í Þverárdal, F9 sem er frístundasvæði að Þrastarlundi í landi Ærlækjar og F10 sem er frístundabyggð að Dranghólum í landi Ærlækjar eru svæði sem eru inni á hverfisvernduðu svæði Hv10 sem er skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Umhverfisstofnun minnir á að í stefnumörkun stjórnvalda til 2020, *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi* kemur fram að: "Forðast verði eins og kostur er að

skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands." Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að við deiliskipulagningu frístundabyggðar á svæðinu, verði forðast að skerða upprunalegan birkiskóg.

### **Sorpförgunarstaðir**

Í umfjöllun um sorpförgunarstaði eru taldir upp þrjár staðir, ein móttöku- og flokkunarstöð sem hefur starfsleyfi til 2018 og tvö urðunarsvæði sem bæði hafa starfsleyfi til 2012. Þar sem aðalskipulagstillagan nær til 2029 telur Umhverfisstofnun að fjalla ætti um stefnu sveitarfélagsins í sorpförgunarmálum í aðalskipulaginu.

### **Náttúruverndarsvæði**

Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði er listi yfir náttúruverndarsvæði í sveitarfélaginu, þar á meðal Mývatn og Laxá. Að mati Umhverfisstofnunar á 3. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þíngeyjarsýslu erindi í aðalskipulagstillöguna, en þar segir: „*Oheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landssvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar á sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*”

Varðandi svæðið Nv 3, sem er náttúruvættið: ***Dettifoss, Selfoss, og Hafragilsfoss svo og næsta nágreppi þeirra austan Jökulsár á Fjöllum***, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fram komi að samkvæmt reglum er varða friðlýsinguna er: „*Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að feginni umsögn umsýjónanefndar um málefni náttúruvættisins.*”

### **Samgöngur**

Í umfjöllun um samgöngur er greinargóð yfirferð um vegi í sveitarfélaginu. Á uppdrætti aðalskipulagstillögunnar eru merktir fjölmargir vegir á heiðum Kelduhverfi, og telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að skilgreina þá vegi sem ætlaðir eru fyrir akstur vélknúinna ökutækja. Að mati stofnunarinnar er full ástæða til að skilgreina hvaða slóðar séu ætlaðir/færir vélknúinni umferð og hvaða slóðar eru reiðleiðir og gönguleiðir.

### **Umhverfisskýrsla**

#### **Nýr hornsteinn**

Í umfjöllun um stóriðju á Bakka er tafla er sýna skal áhrif þeirrar stefnu að byggja upp álver með framleiðslugetu allt að 346.000 tonn á Bakka á samfélagið í sveitarfélaginu. Þar kemur fram að áhrifin eru talin jákvæð, en það álit er ekki rökstutt með neinum hætti í texta, heldur eru áhrifin sögð veruleg. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja þetta mat á áhrifum á samfélag, auk þess bendir stofnunin á að hér er litið eins þröngt á samfélagsleg áhrif framkvæmdanna og hægt er. Einnig eru áhrif vegna athafnastarfsemi á Bakka og vegna nýrrar hafnar á land, loft og vatn sögð neikvæð og óviss. Umhverfisstofnun telur að áhrif slíkra framkvæmda ættu að vera nokkuð þekkt og lítil óvissa um þau. Áhrif á byggðamynstur er metið nokkuð jákvætt. Einnig þarf að rökstyðja matið á byggðamynstur og mætti í því sambandi líta til þróunar byggðamynsturs á austurlandi. Áhrif á lýðheilsu eru metin hlutlaus. Við svo miklar framkvæmdir eins og fyrirhugaðar eru, er ljóst að fjöldi manna mun stunda erfið störf og áhættusöm. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja hvernig


sveitarfélagið hyggst ná þessu takmarki, og um leið bendir stofnunin á að erfitt sé fyrir sveitarfélagið að setja sér slík takmörk þar sem það mun ekki verða framkvæmdaraðili.


### Niðurstaða

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir miklum áformum um uppbyggingu stóriðju á Bakka við Húsavík, og nauðsynlegar hafnarframkvæmdir. Að mati Umhverfisstofnunar þarf um leið og stefna er sett varðandi slíka uppbyggingu að líta raunsönnum augum á samsvarandi framkvæmdir sem risið hafa á landinu, læra af þeim og skoða ávinning og kostnað.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit Skipulagsstofnun

Alta